

Því dómáranum hefir ekki verið stefnt til ábyrgðar út af meðferð málsins verður hann ekki látinn sæta ábyrgð fyrir þennan drátt á uppsögn dómsins.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjendurnir, stjórn hlutafélagsins Herjólfur, þeir Magnús Guðmundsson, Þorsteinn Jónsson, Gísli Lárusson, Sveinn Scheving og Halldór Gunnlögsson skulu vera sýknir af kærnum og kröfum stefnda, Guðmundar Ólafssonar yfirréttarmálaflutningsmanns, í máli þessu.

Málkostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 29. júlí 1918.

Nr. 15/1918.

Sigfús Sveinsson fyrir hönd  
Sigfússonar-verzlunar  
    gegen  
Ingólfi Einarssyni.

D ó m u r :

Áfrýjandi þessa máls, Sigfús Sveinsson verzlunarstjóri fyrir hönd Sigfússonar-verzlunar á Norðfirði, gerði samning 20. jan. 1916 við Guðjón Símonarson, Einar Brynjólfsson og Jón Bjarnason, alla á Nesi í

Norðfirði, um kaup á mótorbát, er nefndist »Fuglinn« og verzlunin skyldi selja nefndum mönnum. Var kaupverðið ákveðið 4000 kr. og skyldi greiðast á 5 árum með jöfnum afborgunum, en þangað til það væri að fullu greitt skyldi báturinn vera eign seljanda; hann skyldi þá þegar fenginn í hendur kaupendum til afnota, og meðan þeir hefðu afnotin og hefðu eigi greitt andvirðið að fullu skyldi allur afli bátsins ganga til seljanda, teljast seldur honum fyrirfram með almennu gangverði og vera hans eign frá því, er hann kæmi á land, en kaupendum óheimilt að selja hann öðrum eða á annan hátt ráðstafa honum án vitundar seljanda. Fiskur sá, er eftir þetta aflaðist á »Fuglinn« var eins og um var samið lagður inn í útgerðarreikning bátsins við Sigfússonarverzlun þangað til 29. nóv. 1916, er tveir af kaupendum bátsins, Guðjón Símonarson og Jón Bjarnason, fóru fram á, að nokkuð af fiskinum, er þeir þá lögðu inn af afla bátsins, væri skrifað á nafn Ingólfs Einarssonar, sem stefndur er í þessu máli; voru það 252 kílógr. af Labradorfiski á 48 au. hvert og 101 kílógr. af Labradorýsu á 36 au. hvert, eða fiskur fyrir alls 157 kr. 32 au. Verzlunarþjónn áfrýjanda tók á móti fiskinum, ritaði hann eins og um var beðið inn til Ingólfs og gaf út vigtarseðil á hans nafn. Þessa innlagningu áleit áfrýjandi ógilda, með því að hún færi í bág við samninginn, lét ónýta hana og skrifa fiskinn inn í útgerðarreikning »Fuglins«; neitaði hann Ingólfi Einarssyni, er hann krafðist þess, að greiða honum andvirðið, 157 kr. 32 au., og höfðaði þá Ingólfur þetta mál fyrir aukarétti Suð-

ur-Múlasýslu til þess að fá áfrýjanda dæmdan til að greiða honum þessa upphæð með 5% vöxtum, og var málið dæmt í þeim rétti 24. okt. f. á. á þá leið, að áfrýjandi skyldi greiða stefnda nefnda upphæð með 5% ársvöxtum frá 14. maí f. á. til greiðsludags og 15 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 12. marz þ. á. og gert þær kröfur, að dómnum verði breytt þannig, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnda í málinu og að sér verði dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Stefndi, Ingólfur Einarsson, hefir hins vegar krafist þess, að dómurinn verði staðfestur og honum dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Það verður að teljast upplýst í málinu, að þeir Guðjón Símonarson og Jón Bjarnason hafi lagt inn fiskinn í reikning stefnda við Sigfússonar-verzlun, en ekki stefndi sjálfur, eins og hann heldur fram, og að fiskurinn hafi verið veiddur á »Fuglinn«; svo verður og að telja það viðurkent, að áfrýjandi hafi eigi samþykkt að fiskurinn væri skrifaður í reikning stefnda. Var það þannig brot á samningnum við áfrýjanda, er tveir af kaupendunum þó létu gera þetta. En stefndi litur svo á, að þetta skifti ekki máli, með því að verzlunarþjónn áfrýjanda hafi athugasemda-laust skrifað fiskinn inn í reikning stefnda og afhent honum vigtarmiða, og verði áfrýjandi að hlíta þeim gerðum verzlunarþjónsins án tillits til þess, hvort hann hafi samþykkt þær eða eigi. Fyrir yfirdóminum

hefir stefndi neitað því, að hann hafi vitað um samninginn 20. jan. 1916. Aftur á móti heldur hann því fram, að verzlunarþjónninn hafi þekt samninginn, en það telur hann þó engu skifta.

Áfrýjandi heldur því hins vegar fram, að það hafi verið óvarkárni verzlunarþjónsins að hann tók við fiskinum í reikning stefnda, og hafi hann enga heimild haft til þess né umboð, og hafi áfrýjandi þegar sama dag mótmælt því, að stefndi fengi fiskinn útborgaðan. Fiskurinn hafi verið eign áfrýjanda og þeir Guðjón Simonarson og Jón Bjarnason enga heimild haft til að ráðstafa honum, en frekari rétt en þeir áttu hafi þeir eigi getað veitt stefnda, enda hafi stefnda átt að vera fullkunnugt um þau eignarhöft, sem fiskurinn var bundinn, með því að samningurinn hafi verið þinglesinn 20. júní 1916.

Fyrir aukaréttinum mótmælti stefndi því eigi, að áfrýjandi hefði sama dag, sem innskriftin fór fram, neitað að borga honum fiskinn, og eigi heldur því, að honum (stefnda) hafi verið kunn ákvæði samningsins um fisk þann, er aflaðist á »Fuglinn«. Neitun hans á þessum atriðum hér fyrir réttinum getur því eigi komið til greina gegn mótmælum áfrýjanda. Að stefndi hafi þekt nefnt samningsákvæði styrkist við það, að hann er sonur eins af kaupendum og útgerðarmönnum bátsins og að hann var að fiskveiðum á bátnum að því er virðist alt sumarið og haustið 1916. Hinir 2 kaupendurnir hafa og vottað, að þeir viti með vissu að stefnda hafi verið kunnugt um samninginn, og þó að vottorð þeirra hafi eigi verið staðfest fyrir rétti og stefndi hafi mótmælt því

sem röngu, verður það í sambandi við önnur upplýst atvik hér að lútandi eigi talið þýðingarlaust.

Þegar gjört er ráð fyrir því, eins og rétt virðist vera, að stefndi hafi þekt umgetið samningsatriði og að hann eða útgerðarmenn bátsins hafi eigi fengið eða leitað samþykkis áfrýjanda til að vikja frá því, og þar sem að öðru leyti ekkert er framkomið um það að stefndi hafi haft ástæðu til að ætlað, að áfrýjandi vildi samþykkja eða hefði leyft verzlunarþjóninum að gera slík afbrigði frá samningnum, og þar sem áfrýjandi þegar sama dag mótmælti innskriftinni til stefnda, þá verður eigi ætlað, að stefndi fyrir það eitt að verzlunarþjónninn í óleyfi áfrýjanda skrifaði áminstan fisk inn til stefnda og fékk honum vigtarseðil, hafi öðlast neina kröfu á hendur áfrýjanda til að fá greitt andvirði fiskjarins. Það þykir því eiga að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda og breyta þannig hinum áfrýjaða dómi.

Málskostnaður fyrir báðum réttum þykir eftir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Sigfús Sveinsson fyrir hönd Sigfússonar-verzlunar á að vera sýkn af kröfum stefnda, Ingólfs Einarssonar í þessu máli.

Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.